

AUGLÝSING

**um staðfestingu á uppdrætti af Hólmavíkurvegi
frá Brú að Fjarðarhorni í Bæjarhreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 18. þ. m. staðfest uppdrátt af Hólmavíkurvegi frá Brú að Fjarðarhorni í Bæjarhreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Bæjarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1980.

F. h. r.

Jón Sigurpálsson.

Lára Hafliðadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Víkurkaupþúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og eftir ósk hreppsnefndar Hvammshrepps, er Austurvegur gegnum Víkurkaupþún aðalbraut. Bifreiðastöður eru bannaðar við vestanverðan Austurveg frá Víkurárbrú, að húsi nr. 8 við Austurveg. Bifreiðastöður við Víkurbraut í Víkurkaupþúni, austan Leikskála, eru einnig bannaðar.

Lögreglustjórnin í Vestur-Skaftafellssýslu, 18. júlí 1980.

Einar Oddsson.